

Mánudaginn 15. júlímánaðar.

Nr. 13/1901:

Réttvísinn

gegn

Arnóri presti Árnasyni.

D ó m u r:

Mál þetta hefir verið höfðað að amtsboði gegn hinum ákærða, presti að Felli í Strandasýslu, Arnóri Árnasyni, með skírskotun til 102. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. við 99. gr. þeirra, fyrir að hafa á sveitarfundi 21. ágúst 1898 vadið upp á oddvitann í Fellshreppi, Guðjón Guðlaugsson með meiðyrðum, er hann var að starfa að sveitarstjórnarverki. Var málið dæmt í aukarétti Strandasýslu 10. nóv. 1900 með þeim úrslitum, að ákærði var dæmdur sýkn af ákæru réttvísinnar í málinu, en skyldi greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal 10 kr. til svaramanns síns fyrir aukaréttinum, Eggerts Jónssonar frá Kleifum. En þessum dómi er af hálfu réttvísinnar og eftir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Meiðyrði þau, sem átaln eru í máli þessu, voru viðhöfð af ákærða á fundi að Stóra-Fjarðarhorni 21. ágúst 1898, en fyrnefndur oddviti Fellshrepps hafði tekið upp hjá sjálfum sér að kalla saman fund þenna, og mættu á honum effir fundarboðun hans allir búendur Fellshrepps, nema 3, nokkrir búlausir menn úr hreppnum og allir hreppsnefndarmenn úr Óspakseyrarhreppi, og virðast allir þessir menn, eftir skýrslu oddvitans í Fellshreppi, hafa átt atkvæðisrétt á fundinum.

Eftir því, hvornig fundur þessi var skipaður, er það því augljóst, að þar var eigi um eiginlegan sveitarfund eða hreppsnefndarfund að ræða, hvorki fyrir Fellshrepp einan eða fyrir Fellshrepp og Óspakseyrarhrepp í sameiningu (hinn forna Broddaneshrepp), enda var og engin fundarbók við á fundinum eða neitt bókað um það, er á fundinum gjörðist, og fundarmenn kusu sér sjálfir fundarstjóra til að stýra fundinum. Það verður þá og eigi heldur álitid, að fyrnefndur oddviti Fellshepps hafi verið að sveitarstjórnarstörfum, er hann sem kosinn fundarstjóri stýrði fundinum, eða að ákærði, sem er einn af hreppsnefndarmönnum Fellshrepps, geti hafa orðið brotlegur gegn hinum tilvitnuðu greinum hegningarlaganna, þó að hann hefði haft í frammi meidandi orð við oddvitann sem fundarstjóra á fundinum; og þar sem brot ákærða átti samkvæmt málshöfðunarskipuninni að vera fólgið í þessu, verður þegar af þessum ástæðum að dæma ákærða sýknan af ákæru réttvísinar í máli þessu, og ber að greiða sakarkostnað allan, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun svaramanns ákærða í héraði, 10 kr., og málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, af almannaafé.

Rannsókn málsins og meðferð í héraði hefir staðið töluvert lengur yfir en skyldi, úr því að málið var tekið fyrir sem opinbert mál, en það þykir þó eftir atvikum eigi ástæða til að láta

undirdómarann sæta ábyrgð fyrir dráttinn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Arnór prestur Árnason á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða svaramanns í héraði, Eggerts bónda Jónssonar á Kleifum, 10 kr., og málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 12/1901:

Réttvísinn

gegn

Helgu Jóhannsdóttur, Guðmundi

Þórðarsyni og Guðmundi

Einarssyni.

D ó m u r.

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum á kærðu Helgu Jóhannsdóttur fyrir ranga faðernislýsingu og Guðmundi trésmið Þórðarsyni og Guðmundi Einarssyni steinsmið fyrir hlutdeild í eða upptök að téðu broti Helgu Jóhannsdóttur, og var